



Reykjavík, 12. maí 2026
USK25060385

Umsögn skipulagsfulltrúa – svör við athugasemdum vegna grenndarkynningar

Varðar grenndarkynningu á byggingarleyfi USK25060385. Um er að ræða byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um leyfi til að sameina fasteignir, breyta innra skipulagi, síkka glugga á 1. hæð og gera hurð út á nýjar svalir með stiga niður í garð á suðurhlið og gera nýtt bílastæði meðfram austurhlið húss á lóð nr. 3 við Bárugötu.

Grenndarkynnt var frá 7. janúar 2026 til og með 4. febrúar 2026.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

Steinunn Marta Önnudóttir, dags. 19. janúar 2027

Athugasemd Steinunnar Mörtu Önnudóttir, dags. 7. janúar 2026:

Á lóðinni eru tvö mjög gömul og voldug tré, bæði gullregn og líklega á meðal þeirra stærstu hér á landi. Það kemur ekki fram í gögnum hvort og hvernig hlúð verði að þessum trjám eða hver afdrif þeirra skuli verða. Ígildi annars þeirra má mögulega sjá á einhverjum teikninganna, en ekki öllum. Það væri gott að þetta væri ávarpað í gögnunum. Það þarf sérstök leyfi til að hrófla við trjám sem þessum og mörgum nágrönnum er annnt um að trén fái að dafna áfram. Einmitt núna er búið að moka stórum moldarbing upp að öðru trénu, en ekki er víst að eigendur átti sig á að það er ekki hægt að hækka í jörð umhverfis fullþroska tré, því það veldur roti í trjástofninum.

Einnig er ekki ljóst á teikningum hvernig þessir nýju steinsteyptu veggir sem minnst er á skuli líta út. Eftir minni bestu vitund eru steiptir garðveggirnir í þessum bæjarhluta fríðaðir. Því set ég spurningamerki við það hvað átt sé við með nýjum steinsteyptum veggjum.

Svar

Sækja þarf um leyfi ef fella á tré sem eru eldri en 60 ára gömul eða eru hærri en 8 metrar að hæð. Að auki segir í Borgarhönnunarstefnu að ef fella þurfi tré eigi að planta þrem nýjum trjám í þeirra stað.

Á grenndarkynntum aðaluppdrætti dags. 16. júní 2025 segir að nýir steinaðir steiptir garðveggir verði settir upp í anda upphaflegra garðveggja. Ekki er því verið að fara gegn hverfisvernd þar sem um eðlilegt viðhald er að ræða. Á fjölmörgum stöðum í borgarhlutum er að finna steinsteypta garðveggi sem falla undir hverfisvernd innan Hringbrautar en margir þeirra farnir að halla, síga og komin tími á viðhald á mörgum þeirra. Ekki er því óeðlilegt að steypa nýja veggir í anda þeirra gömlu.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar



Reykjavík



verkefnastjóri



Reykjavík